

Fundargerð aðalfundar á Vorfundi SFA í Hveragerði 14. maí 2012 kl. 14:30.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Reikningsuppgjör s.l. árs.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs.
6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.
7. Önnur mál. Lesin fundargerð aðalfundar 2011 og skýrsla formanns.

Lagður fram rekstarreikningur SFA 2011-2012. Skoðunarmenn höfðu farið yfir reikninginn og samþykkt. Fundurinn samþykkti reikningana.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2012-13. Samþykkt óbreytt árgjald, 7.500 kr.

Enginn bauð sig fram í stjórnarkjöri enda hafði stjórnarfolk lýst vilja til að halda áfram annað ár.

Formaður er Sunna Njálsdóttir Grundarfirði,
ritari er Ragnheiður Óladóttir, Stykkishólmi,
gjaldkeri er Halldóra Jónsdóttir, Akranesi,
meðstjórnandi er Sævar Ingi Jónsson Borgarnesi.

Endurskoðendur voru endurkosnir þau Erla Kristín Jónasdóttir, Borgarbókasafni og Óskar Guðjónsson, Borgarbókasafni.

Nýr félagi er Héraðsbókasafn Dalasýslu en þau sem hættu eru Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri, Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bókasafn Seyðisfjarðar.

Vefbókasafnið hefur verið lagt niður. Í sjóði eru kr. 670.000.-. Samþykkt var að fjármunir þess færðust til SFA.

Umræður urðu um ný bókasafnalög sem ekki tókst að leggja fyrir Alþingi fyrir þinglok.

Undir liðnum önnur mál var minnt á uppástungu um að halda vofundinn í Færeyjum og nota til þess sjóð Vefbókasafnsins. Var tillaga um það samþykkt samhljóða og buðu nokkrir fram aðstoð við að kanna mögulega ferð.

Anna Torfadóttir hefur látið af störfum hjá Borgarbókasafni og var henni þökkuð góð og uppbyggjandi samfylgd gegnum árin. Anna kom upp og teiknaði tengslamynd af bókasöfnum og upplifun gesta:

Andstæðu pólarin ró og skökun og örvun mynda umhverfi sem fólk getur sótt í ókeypis.

Umræður sköpuðust um nýju bókasafnalögin sem ekki tókst að leggja fyrir Alþingi í vor.

Fundi slitið kl. 16:00.